

18. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 05.02 2019, Végarði , kl. 13:30

Mættir voru allir aðalmenn: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Jóhann F. Þórhallsson.

Einnig var mætti Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður austursvæðis undir 1. Lið, Skúli Björn Gunnarsson kom á fundinn undir 6. lið og Arna Björg Bjarnadóttir og Steingrímur Karlsson undir 13. lið.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Samþykkt að leiðrétta tölusetningu fundarins og breyta röð dagskrárlíða frá boðaðri dagskrá.

Dagskrá

1. **Landvarsla við Hengifoss og starfsemi Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, þjóðgarðsverðir Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs mæta til fundar.**
2. **Skýrsla oddvita**
3. **Gistihús við Végarð**
4. **Samkomulag um afnot Fljótsdalshrepps af landi á Valþjófsstað 1**
5. **Verkefnaráð Kröflulínu 3, tilnefning fulltrúa**
6. **Gunnarsstofnun, Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður mætir á fundinn**
7. **Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2019, breyting á rekstrarframlögum**
8. **Erindisbréf fyrir Samfélagsnefnd**
9. **Bréf og erindi**
 - a) Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum , dags. 27.11 2018
 - b) Forsætisráðuneytið dags. 28.01 2019
 - c) Atvinnu-og nýsköpunarráðuneytið dags. 25.01 2019
 - d) Samband íslenskra sveitarfélaga 29.01 2018
 - e) Sýslumaðurinn á Austurlandi 28.01 2019, ósk um umsögn vegna tækifærisleyfis.
 - f) Íbúðalánasjóður , ódags.
10. **Fjárbeiðnir**
 - a) Leikfélag ME
 - b) Hrafnkell Lárusson
 - c) Landgræðsla ríkisins

11. Umhverfisstyrksúmsóknir

- a) Svanur Sigurðsson, Klúku
- b) Bjarki Jónsson, Víðivöllum ytri 1

12. Fundargerðir

- a) CINE-Íslandshluti 16.01 2019
- b) Fjarfundur starfshóps um þjónustubyggingu við Hengifoss 23.01 2019
- c) Samfélagsnefnd 29.01 2019
- d) Upphéraðsklassi 31.01 2019

13. Önnur mál

1. Landvarsla við Hengifoss og starfsemi Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður

Agnes kynnti skýrslu um landvörslu á Hengifossvæðinu 2018. Skýrslan er greinagott yfirlit yfir starfsemina, fjölda gesta yfir sumartímamann, úrtakskönnun sem árlega er lögð fyrir ferðamenn, fræðslumál og nokkrar ábendingar koma fram um t.d. um öryggismál, flokkun sorps og betri merkingar á snyrtihúsi. Fjöldi þeirra sem sóttu staðinn heim í júní–júlí–ágúst og september fækkaði frá fyrra ári, en komum ferðamanna utan háannatíma hefur fjölgað mjög á síðustu árum. Samkvæmt könnun er upplifun gesta almennt góð. Nýr rafrænn nettengdur teljari var settur upp í apríl 2018 og er hann mun áreiðanlegri en eldri teljari. Frá 18. apríl 2018 (þegar nýr teljari var settur upp) til ársloka voru gestir sem gengu upp að eða áleiðis að Hengifossi 67.874.

Gert er ráð fyrir að Snæfellsstofa taki að sér landvörslu á svæðinu í sumar með svipuðu fyrirkomulagi og verið hefur, en Agnes mun koma með nánari útfærslu að landvörslu sumarsins og e.t.v. verða á henni smá breytingar en þó þannig að landvarslan rúmist innan fjárheimilda fjárhagsáætlunar Fljótsdalshrepps.

Umræður urðu um Vatnajökulsþjóðgarð og starfsemi Austursvæðis, þjóðgarðastofnun, miðhálendisþjóðgarð o.fl.

Agnesi þökkun koman og yfirgaf hún fundinn klukkan 14:50

2. Skýrsla oddvita

Oddviti og varaoddviti sátu fund um Miðhálendisþjóðgarð á Egilsstöðum 9. janúar.

Undanfarið hefur verið unnið að viðhaldi í eldhúsi Végarðs, dúkur slípaður og lakkaður og veggir málaðir. Fyrirhugað er að gólf framkvæmdir í söllum og á sviði hefjist fljótlega eftir þorablót, áætlað er að þær geti staðið yfir í einn til einn og hálfan mánuð. Steypa á í gólf í stóra sal og leggja þar hitalagnir, skipta um parkett í salnum og hluta sýningarsalar, endurgera tröppur og skipta um gólfefni á sviði.

Fljótsdalshreppur sótti um styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands fyrir verkefnið „Fyrirlestrarröð til uppbyggingar samfélags“, en fékk synjun. Samfélagsnefnd stóð að baki hugmyndinni. 6 verkefni er tengjast Fljótsdal fengu styrki.

Ný lög um landgræðslu 155/2018 tóku gildi 21. desember sl.

Einn staður í Fljótsdal (Végarður) tekur þátt í Eldvarnarbandalaginu 2018. Brunavarnir á Austurlandi halda utan um verkefnið og kemur fram í yfirliti frá þeim um skráða staði, að skráð eftirlit í Végarði sé aðeins 8 %, sem telst ófullnægjandi.

Fyrirtækið Verkráð á Egilsstöðum minnir á að þar eru starfsmenn með fjölbætta þekkingu sem geta aðstoðað við hin ýmsu verk.

Teiknistofan AKS á Egilsstöðum stóð fyrir markaðsrannsókn á síðasta ári, sem Fljótsdalshreppur tók þátt í. Verið var að skoða ýmsa þætti er sneru að fyrirkomulagi er varðar kaup á þjónustu s.s. hvort máli skipti að fyrirtæki sem skipt er við væru staðsett á Austurlandi.

Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur hefur sent Fljótsdalshreppi samantekt um sögu Valþjófsstaðar. Hjörleifur sér fyrir sér að hægt væri að gera sögu staðarins sýnilegri s.s með því að koma upp myndrænum upplýsingum við bílastæði hjá kirkjunni.

3. Gistihús við Végarð

Samhliða auglýsingu að rekstri gistihúsa við Végarð, vann Domus fasteignasala verðmat á gistihúsunum við Végarð. Farið var yfir verðmatið.

4. Samkomulag um afnot Fljótsdalshrepps af landi á Valþjófsstað 1

Sveitarstjórn samþykkir samkomulagið sem er frá 15.7.2016 – 31.12.2018 og oddvita falið að skrifa undir.

5. Verkefnaráð Kröflulínu 3, tilnefning fulltrúa

Þorvarður Ingimarsson hefur settið í ráðinu fram til þessa og sveitarstjórn óskar eftir að hann sitji þar áfram, en upplýsi sveitarstjórn eftir því sem þörf verður á. Skv. upplýsingum frá Landsneti er gert ráð fyrir að verkefnaráðið ljúki störfum á árinu.

Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður mætti á fundinn klukkan 15:40

6. Gunnarsstofnun

Skúli Björn lagði fram greinagerð og fór yfir framgang verkefna sem unnið hefur verið að í tengslum við þjónustusamning Fljótsdalshrepps og Gunnarsstofnunar. Skúli sótti fundi fulltrúa sveitarfélaganna og Austurbrúar vegna vinnu við „Áfangastaðinn Austurland“, hélt utan um Ferðaklasa Upphéraðs sem m.a. heldur úti síðunni www.hengifoss.is, sá um umsóknir og skýrslugerð til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, vegna framkvæmda við Hengifoss, sá um kaup og uppsetningu teljara á stíg að Hengifossi, kom að vinnu við undirbúning og framkvæmd Fljótsdalsdags o.fl. Á yfirstandandi ári verður skoðað hvernig

Gunnarsstofnun komi að stefnumótun í ferðaþjónustu og venjubundin verkefni í gangi. Óljóst er hvaða fyrirkomulag verður á Ormsteiti í ár, eða hvort hátíðin hefur runnið sitt skeið og Fljótsdalsdagur þá ekki lengur hluti af þeirri hátíð. Fundarmenn á einu máli um að Fljótsdalsdagur verði áfram haldinn hvernig sem fer um Ormsteiti/Héraðshátíð.

Þá ræddu fundarmenn starfsemi Gunnarsstofnunar.

Eftir umræður var Skúla Birni þökkuð koman og yfirgaf hann fundinn klukkan 16:15

7. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2019

Breyting var gerð á fjárhagsáætlun safnsins eftir að sveitarstjórn fjallaði um fjárhagsáætlunina. Rekstrarframlög aðildarsveitarfélaga til Héraðsskjalasafnsins lækka og lækkar hlutur Fljótsdalshrepps úr 883.303 kr. í 660.850 kr. Samþykkt.

8. Erindisbréf fyrir Samfélagsnefnd

Kynnt og samþykkt.

9. Bréf og erindi

- a) Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum , dags. 27.11 2018. Könnun um nöfn á nýbýlum og breytingar á nöfnum býla. Kynnt.
- b) Forsætisráðuneytið dags. 28.01 2019. Varðar heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Kynnt.
- c) Atvinnu-og nýsköpunarráðuneytið dags. 25.01 2019. Ráðuneytið vekur athygli á áfangastaðaáætlunum landshluta og hvetur sveitarstjórnir til að kynna sér þær á heimasíðu ráðuneytisins og á heimasíðu Ferðamálastofu. Kynnt.
- d) Samband íslenskra sveitarfélaga 29.01 2018. Boðun á landsþing í Reykjavík 29. mars n.k. Kynnt.

Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis

- e) Sýslumaðurinn á Austurlandi 28.01 2019, ósk um umsögn vegna tækifærisleyfis. Vegna þorablóts í Végarði 16.2.2019

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps veitir jákvæða umsögn, enda liggja fyrir jákvæðar umsagnir frá byggingarfulltrúa, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti. Jafnframt er staðfest að veiting leyfis er innan þeirra marka sem skipulag og reglur sveitarfélagsins seigja til um.

Jóhann kom aftur til fundar

- f) Íbúðalánasjóður , ódagsett. Varðar húsnæðisáætlanir sveitarfélaga. Kynnt.

10. Fjárbeiðnir

- a) Leikfélag ME. Samþykkt að kaupa lógo í leikskrá á 10.000 kr.-

- b) Hrafnkell Lárusson. Beiðni um styrk til sagnfræðirannsóknar vegna doktorsnáms. Hrafnkeli er bent á að sækja um styrk í Verkefna og rannsóknarsjóð Fljótsdalshrepps og Landsbankans.
- c) Landgræðsla ríkisins. Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“. Hafnað.

11. Umhverfisstyrksúmsóknir

- a) Svanur Sigurðsson, Klúku. Samþykktur hámarksstyrkur.
- b) Bjarki Jónsson, Víðivöllum ytri 1. Samþykktur hámarksstyrkur.

12. Fundargerðir

- a) CINE-Íslandshluti 16.01 2019. Kynnt.
- b) Fjarfundur starfshóps um þjónustubyggingu við Hengifoss 23.01 2019. Kynnt.
- c) Samfélagsnefnd 29.01 2019. Kynnt.
- d) Upphéraðsklasi 31.01 2019. Kynnt.

13. Önnur mál

- a. Arna Björg og Steingrímur komu á fund sveitarstjórnar og rætt var um málefni ferðaþjónustu og starfsemi Óbyggðaseturs.
- b. Eiríkur og Anna Jóna ræddu um uppþvottavél í Végarði og setja þurfi upp við hana sjálfvirkan skömmtunarbúnaði þvottefnis og gljáa, helst fyrir þorrablót.
- c. Einnig hófu þau máls á að gefa þurfi gistihúsunum við Végarð nafn og að nafnið Fljótsdalsgrund hafi fest sig í sessi og væri vel viðeigandi nafn á húsunum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 19:25

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)